

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 706/1996, fyrir Lífeyrissjóðinn Lífiðn.

1. gr.

Við bætist ný grein sem orðast svo og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

19. Séreignardeild.

- 19.1 Séreignardeild lítur sömu stjórn og aðrar deildir sjóðsins.
- 19.2 Til séreignardeildar er heimilt að greiða það framlag, sem greitt er umfram 10% af heildarlaunum.
- 19.3 Þeir sem vilja greiða til séreignardeildarinnar skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega beiðni og felst í henni yfirlýsing um, að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins.
- 19.4 Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsu-tryggingar.
- 19.5 Færður er sérreikningur fyrir framlag hvers sjóðfélaga í séreignardeild. Á þennan reikning reiknast vextir og verðbætur og skulu þeir reiknast jafnir meðalávöxtun sjóðsins. Í árslok skal draga frá séreigninni rekstrarkostnað skv. gr. 6.1. í hlutfalli við séreignina í árslok.
- 19.6 Framlag í séreignardeild gefur ekki rétt til stiga eða fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skulu greiðslur reiknast í samræmi við réttindi hvers og eins.
- 19.7 Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára á rétt á að fá inneign sína greidda smám saman. Skal miðað við að innstæðan verði greidd með jöfnum árlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum. Sama rétt hefur sjóðfélagi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar, áður en hann nær 60 ára aldri.
- 19.8 Deyi sjóðfélagi fellur inneign hans í sjóðnum til eftirlifandi maka hans og ber að skipta með jöfnum greiðslum hluta hans á minnst 10 ár. Falli sjóðfélagi frá og skilji ekki eftir sig maka eða falli hann frá skiptist inneign sjóðfélaga eftir reglum erfðalaga um lögerfóir. Hluta barna, undir 18 ára aldri, ber að skipta með jöfnum greiðslum á 10 ár eða þau ár, sem upp á vantar að barnið nái 18 ára aldri, hvort sem lengra er.
- 19.9 Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum reglum, ef inneign sjóðfélaga er svo lítil, að árlegar greiðslur geta ekki náð eftirtöldum upphæðum:
 - a. Til sjóðfélagans 125% þess árgjalds, sem hann greiddi síðast í sjóðinn.
 - b. Til eftirlifandi maka 75% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.
 - c. Til hvers barns 20% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.

Í þeim tilvikum, sem talin eru undir stafliðum a-c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en 10 ár, en þó svo, að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum, sem þar eru taldar. Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 28. janúar 1998.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.